

AUGLÝSING

um breytingu á skilmálum deiliskipulagsins Vellir 6, Hafnarfjarðarkaupstað.

Á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa þann 18. október 2017 var samþykkt að grenndarkynna tillögu að breyttu orðalagi í kafla 3.1.1 í greinargerð og skipulagsskilmálum fyrir Velli 6 samkvæmt 1. mgr. 2. gr. samþykktar um embættisafgreiðslur skipulags- og byggingarfulltrúa í Hafnarfirði.

Tillagan var grenndarkynnt frá 20. október 2017 með athugasemdafresti til 17. nóvember 2017.

Í breytingunni felst að tryggð verði með sem bestum hætti þjónusta almenningssamgangna í hverfið.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 1. febrúar 2018.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Gunnþóra Guðmundsdóttir arkitekt.